

# Aganefnd Landsambands hestamannafélaga

## Skýrsla Aganefndar 2017-2018

Starfsemi aganefndar var með hefðbundnum hætti árið 2017. Eitt mál kom til kasta nefndarinnar og eru niðurstöður þess meðfylgjandi. Þrjú hefðbundnir fundir voru haldnir á árinu og einnig var fundað ertir þörfum með síma og tölvusamskiptum.

### Eftirtaldir aðilar voru í Aganefnd 2017:

Þorvaldur Sigurðsson	Formaður
Atli Már Ingólfsson	Nefndarmaður
Sæþór Fannberg	Nefndarmaður
Birna Baldursdóttir	Varamaður
Kristín Þórðardóttir	Varamaður
Þórarinn Þórarinsson	Varamaður



---

Reykjavík 24. maí 2017

Stjórn LH

**Aganefnd LH**

**Mál nr. 1/2017:**

Tekið er fyrir bréf Sigurlaugar Önnu Auðunsdóttur. Bréf barst vegna keppni í Reykjavíkurmestaramóti Fáks 8. – 14. maí s.l.

**Forsendur aganefndar:**

Aganefnd LH getur einvörðungu dæmt eftir lögum og reglum LH. Þar sem mál þetta barst Aganefnd LH eftir að frestur skv. grein 2.8.7. var liðinn er málinu vísað frá nefndinni.

**2.8.7 Verkefni yfirdómnefndar**

Yfirdómnefnd ábyrgist að mót fari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSí. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum, og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok.

**Úrskurður aganefndar:**

Aganefnd LH vísar málinu frá.

**Aganefnd LH**

Þorvaldur Sigurðsson, formaður  
Atli Már Ingólfsson, hdl.  
Sæþór Fannberg